

Minjaráð Austurlands
fundur 9. september 2020
Fjarfundur á Teams

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Andrés Skúlason, Kristjana Louise Friðbjarnardóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Dagskrá:

1. Farið verður yfir síðustu fundargerð.
 - a. Hlutverk minjaráða
 - b. Vöktun jökla
 - c. Smáforritið Muninn
2. Kortlagning minja
3. Stöðu verkefna MÍ úr innviðasjóði
4. Kynningarefni sumarstarfsmanna MÍ
5. Önnur mál.

Þuríður setti fund og gengið var til dagskrár. Andrés Skúlason tók að sér að rita fundargerð.

1. Farið var yfir síðustu fundargerð.

Þuríður fór yfir síðastu fundargerð og hún staðfest. Minjavörður upplýsti minjaráðsfulltrúa um stöðu smáforritsins Muninn sem er alveg við það að verða tilbúið til að fara í prófun hjá áhugamannafélögum.

2. Kortlagning minja.

Í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að vinna gegn samdrætti í kjölfar Covid var 50 milljóna framlag til skráningar menningararfs veitt. Fyrirhugað er að fara í verkefni sem snýr að kortlagningu menningarminja m.a. með dróna og stefnt er að vinna slíkt verkefni meðal annars á Borgarfirði eystri. Eyrún sagði frá áhugaverði verkefni sem er í gangi í Hornafirði, en þar er verið að vinna að eyðibýliskráningu í Austur-Skaftafellssýslu. Menningarmiðstöð Hornafjarðar, sveitarfélagið og Þórbergssetur standa saman að þessari skráningu.

3. Staða verkefna MÍ úr innviðasjóði.

Þuríður sagði frá verkefnum sem Minjastofnun hefur verið að standa að. Annars vegar fjárrétt inn í Mjóafirði og Djáknadysinni við Hamarsfjörð. Framkvæmdum við Djáknadysina ern ú lokið, en búið er ða setja upp skilti og afmarka dysina. Framkvæmdir við fjárborginni eru fyrirhugaðar hvað úr hverju en beðið er eftir verktaka til að koma á svæðið.

4. Kynningarefni sumarstarfsmanna MÍ.

Þuríður kynnti margvíslegt kynningarefni sem unnið hefur verið að á Minjastofnun með nemum úr Listaháskólanum. Nemarnir komu inn sem hluti af átaksverkefni Vinnumálastofnunar fyrir námsmenn. Kynningarefnið nær m.a. til Verndarsvæði í byggð, umfjöllun um lög um menningarminjar og svo hefur verið gefin út litabók með myndum af gömlum húsum auk skýringa við hvert og eitt. Rætt var um að kjörið væri að vekja athygli á þessu efni til skóla, t.d við grenndarkennslu meðal yngstu nemenda.

5. Önnur mál.

Rætt var um stöðu Verndarsvæði í byggð á Austurlandi en þremur verkefnum er ólokið og aðeins staðfest.

Stefnt var að næsta fundi þann 2. desember.

Fleira ekki rætt.

Þuríður Elísa Harðardóttir

Andrés Skúlason ritaði fundargerð

Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Eyrún Helga Ævarsdóttir

Kristjana Louise Friðbjarnardóttir